

- g. Greiðsla fyrir vatn til skipa og báta í Raufarhöfn skal vera kr. 1,50 fyrir hvern rúmmetra. Lágmarksgjald til fiskiskipa kr. 25,00 og annarra skipa kr. 40,00, þó skulu fiskiskip sem gerð eru út frá Raufarhöfn ekki greiða fyrir vatn.
- h. Greiðsla fyrir ótalin vatnsnot skal fara eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

Reglugerðarbreyting þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 110 21. febrúar 1978.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

10. desember 1981.

Nr. 673.

REGLUGERÐ

um lágmark eigin áhættu váttryggðs hjá Viðlagatryggingu Íslands.

1. gr.

Eigin áhætta váttryggðs skv. 7. gr. laga nr. 52 27. maí 1975 skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 5 000,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 52/1975 um Viðlagatryggingu Íslands, tekur gildi hinn 1. janúar 1982.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 10. desember 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

9. desember 1981.

Nr. 674.

REGLUGERÐ

um rétt sjómanna til ellilífeyris.

1. gr.

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum 11. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar.

Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga á ári að meðaltali í 25 ár.

Nú kemur í ljós að lögskráning hefur eigi farið fram lögum samkvæmt eða gögn er hana varða eru glötuð og er þá heimilt, eftir atvikum, að meta sjóferðabækur eða önnur skrifleg sönnunargögn um starfstíma sjómanns.

Nú er skriflegri sönnun um starfstíma sjómanns ekki til að dreifa og er þá heimilt að meta til slíkrar sönnunar vitnisburð tveggja valinkunnra manna eða fleiri um starfstíma sjómanns. Slíkur vitnisburður verður að bera með sér hvar, hvenær og hve lengi sjómennska sú var stunduð sem sönnunin nær til.